

Leikskólinn Sólvellir – Rýmingaráætlun 2023

- **Brunaslöngur** eru á tveimur stöðum í húsinu. Í fatahengi barna og í skáp við hliðina á á starfsmannasnyrtingu í starfsmanna álmunni.
- **Slökkvitæki eru sex:** Tvö þeirra eru staðsett hjá brunaslöngunum og eitt er inn á Drekkadeild við útgang á pallinn, eitt við útgang í starfsmanna álmu, eitt í eldhúsi og eitt í anddyrinu að framan í fataklefanum.

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang og gefur viðvörðun er unnið eftir eftirfarandi áætlun:

1. **Leikskólastjóri eða staðgengill:** fer að stjórnstöflu viðvörðunarkerfis, sem er staðsett í fataklefa barna og athugar hvaðan brunaboðin koma. Ef ekki er eldur skal láta vita á deildir, eldhús og starfsmannaálm. Ef um eld er að ræða tilkynnir hann til 112.
2. **Starfsmenn eldhús:** taka með sér lykil að samkomuhúsi, opna og halda inngönguleið opinni fyrir börn og starfsfólk.
3. **Deildarstjóri eða staðgengill hans:** tekur með sér nafnalista/ipad/síma deildanna og ber ábyrgð á rýmingu á sinni deild.
4. **Allir aðrir starfsmenn hefja rýmingu:** Hver starfsmaður tekur með sér börn sem eru á hans svæði og verður hann að vera viss um hvaða börn eru í hans umsjón, t.d. við morgunmat, í samverustund, í vinnuhóp og svo framvegis.
5. **Þegar þarf að fara í gegnum hita og reyk á að skríða á gólfinu, þannig að öndunarfæri séu sem næst gólfinu.**
6. **Útgönguleiðir ef ekki er hægt að fara út úr fataklefa barna eru:**
 - **Drekkadeild:** Hurð út á pallinn eða opna lausafög í gluggum.
 - **Ugludeild:** Lausafög í gluggum, gluggi í þvottahúsi eða hurð í eldhúsi.
 - **Músadeild:** starfsmannaálma útidyrhurð eða gluggar eða lausafög í gluggum inn á deild.
7. **Söfnunarsvæði eru: á leikskólalóð bak við hólinn ef ekki er hægt að komast út samkomuhús eða inn í samkomuhúsi þar sem hver deild hópast saman.**
 - **Deildarstjórar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafi komist út og ef einhverntann vantar lætur hann slökkviliðstjóra vita og hugsanlegar staðsetningar þeirra.**
8. **Deildastjóri lætur foreldra/forráðamenn vita:** Hafa samband við og tryggja að upplýsingar um atburðinn sem átti sér stað.
9. **Sálrænn stuðningur:** Leikskólastjóri metur það hvort þurfi að veita stuðning.

Áætlunin skal vera kynnt starfsfólki á starfsdegi að hausti og endurskoðuð á tveggja ára fresti.